

Stjórnarfundur USVH mánudagur 4. nóvember 2024

Staðfundur kl. 16:00

Mætt eru: Sveinbjörg, Nína, Halldór, Sara Guðrún Gróa, Pálmi og Valdi. Ómar var með í fjarfundarbúnaði.

#### 1. Umsóknir í styrktarsjóð USVH

Auglýst var eftir umsóknum vegna seinni úthlutunar úr styrktarsjóði USVH með umsóknarfresti til 3. nóvember. Ein umsókn barst. Tilgangur sjóðsins er að styðja afreksfólk, afreksefna og afrekshópa sem stunda æfingar og keppni. Þar sem efni umsóknar fellur ekki undir þessa skilgreiningu er umsókninni hafnað á þeim forsendum.

#### 2. Dagatal USVH

Fyrir liggur að skipuleggja framkvæmd á útgáfu dagatals USVH. Rætt um að hækka gjald fyrir auglýsingar út frá neysluverðsvísitölunni. Framkvæmdastjóra falið að senda póst á fyrirtæki sem áður hafa styrkt ungmennasambandið með kaup á auglýsingu. Framkvæmdastjóra jafnframt falið að auglýsa eftir myndum til að prýða dagatalið. Nína vék af fundi.

#### 3. Framkvæmdir á skrifstofu USVH

Ómar vék af fundi undir þessum lið.

Samþykkt að fara í hurðaskipti á skrifstofu USVH. Formanni falið að hafa samband við Hæðina varðandi kaup á hurðum. Formanni jafnframt falið að hafa samband við verktaka til að fá tilboð í framkvæmdina.

Ómar kom aftur til fundar.

#### 4. Umsóknir um stöðu framkvæmdastjóra USVH

Guðrún Gróa og Halldór véku af fundi undir þessum lið.

Tvær umsóknir bárust um stöðu framkvæmdastjóra USVH. Formanni falið að hafa samband við umsækjendur í samræmi við umræður á fundinum.

#### 5. Annað

Ómar fór yfir stöðu á fyrirhugaðri byggingu á aðstöðuhúsi í Hvamminum. Verkefnið er á fjárhagsáætlun á árinu 2025 og lagt er upp með að verði klárað á árinu 2026. Stjórn USVH fagnar að verkefnið sé komið á áætlun og horfir bjartsýnum augum á uppbyggingu íþróttastarfs á svæðinu.

Fundi slitið kl. 17.08.